fram það sem orðið gæti til að varpa ljósi á Egils sögu. Eins og sjá má er það ekki lítið. Ef Egils saga hefur verið sögð í gildi, þar sem þekkt var táknmál kristinna launhelga, skilst flest í dæminu. Mjólk er þá tákn um endurfæðingu Egils. Hann er að segja skilið við óargadýrið, hann er að bjóða velkomið manneðlið, læknislistina og skáldskaparíþróttina. Jafnframt minnist hann banda fjölskyldunnar, sem örlögin höfðu rofið; það skarð í ætt hans sem hann veit ófullt og opið standa. Hann meðtekur innvígsluna; þekkinguna um andlegt líf, næringu Krists og kirkju.

Sama máli gegnir um sölin (saltið). Egill meðtekur in helgu tákn, þegar honum er mest nauðsyn á. Hann skynjar líf og ódauðleika, hann verður var vísdóms og þekkingar, sem fegurst hljóma af kvæðinu Sonatorreki. Hann gerir sér ljóst, hvað er rétt breytni. Og það er ekki sú hliðin sem veit að mannskepnunni. Hann hefur bragðað á salti skilningsins. Einkum er athyglisvert að sjá að þarna getur að líta teningìnn sem merkti jörð og var eitt helzta tákn Íslendinga allt frá landnámi, samkvæmt RÍM. Hér verður sú hlið ekki gaumgæfð, en minnt á ina andlegu móður, sem Egill mætir í Vermalandsförinni, og býður honum að hætta að drekka öl sem hann spýr framan í menn; til er „æðra öl“ sem vafalítið birtist í tákni mjólkurinnar eftir inn mikla harmleik Egils. Hrjúft og lítt hamið manndýr öðlast vizku; oddarnir hrökkva af; hann hefur gengið gegnum lífsreynslu skógar, óbyggða og dýpstu sorgar. Þá skilur hann loks sjálfan sig.

Móðirin Mikla

„Móðirin mikla“ var eitt helzta hugtak fornaldar og miðalda; einatt umbreyttist hún í Maríu og kirkjuna, en hefur vafalaust borið nafnið Freyja í heiðni. Jarðnesk móðir Egils lætur vel yfir því ódæði Egils að drepa óvarinn dreng og segir hann víkingsefni, þá kveður Egill (ÍF II, 100):

Þat mælti mín móðir,
at mér skyldi kaupa
fley ok fagrar árar,
fara á brott með víkingum,
standa upp í stafni,
stýra dýrum knerri,
halda svá til hafnar,
höggva mann ok annan.

En in Mikla móðir er ekki öll þar sem hún er séð. Hún birtist jafnan í gervi ungrar telpu. Grímur, drengurinn sem Egill heggur er „ellifu vetra eða tíu“ þegar ódæðið er framið; í Vermalandsförinni rekst Egill á stúlku sem er „tíu vetra eða ellifu“. Hún er m.ö.o. jafn gömul drengnum sem Egill varð að bana í skapofsa sínum. Egill svelgur stórum skyr í förinni, eins og hann á vanda til, þá kveður stúlkan (ÍF II, 224-225):

Því sendi mín móðir
mik við þik til fundar
ok orð bera Agli,
at ér varir skyldið;
Hildr mælti þat horna:
haga svá maga þínum,
eigu órir gestir
æðra nest á frestum.

Ef gert er ráð fyrir því, að Egill mæti þarna sjálfri inni Miklu móður í telpugervi, sem hún jafnan íklæddist, verður þetta allt auðskilið. In jarðneska móðir upphefur víkinginn í Agli; in andlega móðir bendir honum á, að hann eigi æðra nesti í vændum en jarðneska skyrgáma og öl. Ódæll víkingur, skepnan í manninum, víkur þá er honum er borinn æðri drykkur. Og af sögunni sést, að sá er mjólk.

Og þá er spurningin, fyrir alla þá sem velta því fyrir sér, hvort Egill orti kvæði sín sjálfur: Ef Egill orti fyrri vísuna orti hann þá hina síðari, sem er samstæða og gagnstæða hinnar fyrri (og mælt fram af telpunni til hans)?. Tæplega verða margir á því máli. Flest bendir til, að báðar vísurnar séu ortar af höfundi sögunnar. Sem gerir Snorra Sturluson að meira skáldi en áður var ætlað — ef hann reit söguna.

Vér sjáum því af inum nýju upplýsingum um *saltið og mjólkina,* að allt fellur það að efni, ef Egils saga var sögð á allegórisku táknmáli í kristnu gildi. Það furðulega við nánast allt það sem fyrr var ritað um Egils sögu er, að menn hafa gengið út frá því sem vísu, að verið væri að hampa skepnuskapnum í Agli, dýrka ofbeldið og gera víkinginn að hugsjón með ritun sögu hans. Egils saga og Úlfar tveir snýr þeirri niðurstöðu við; allt bendir til að með Agli hafi einn hrjúfasti steinn íslenzkrar ættar verið fægður í kristnu samfélagi.

Höfundur er fræðimaður og hefur skrifað Rætur íslenskrar menningar.

Húsameistarinn Einar Sveinsson

Fjöldi Reykvíkinga hefur haft ýmis hús Einars Sveinssonar fyrir augunum alla ævi og sá vani hefur ef til vill komið í veg fyrir að tekið væri eftir þeim svo sem vert er. Þetta eru hús eftir listamann; það sjáum við nú ekki sízt á sýningunni á verkum Einars, sem stendur yfir á Kjarvalsstöðum og Pétur H. Ármannsson arkitekt hefur veg og vanda af. Hann skrifar einnig afar fróðlega ritgerð í sýningarskrána. Bæði Pétur og ráðamenn Kjarvalsstaða eiga heiður skilinn fyrir þessa tímabæru kynningu á listamanni sem farið er að fenna yfir.

Í næstum fjóra áratugi, frá 1934 til 1973, var Einar Sveinsson arkitekt í embætti húsameistara Reykjavíkur. Enginn maður hafði til jafns við hann áhrif á útlit borgarinnar, bæði einstakar byggingar og skipulag. Greinin er í tilefni sýningar á Kjarvalsstöðum á verkum Einars.

Hvernig má það vera að maður sem skipulagði borgina utan Hringbrautar og á auk þess heiðurinn af byggingum eins og Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg, Skúlatúni 2, sem var aðsetur Borgarstjórnar áður en ráðhúsið var byggt, svo og Laugarnesskólanum, Melaskólanum og Borgarsjúkrahúsinu skuli vera svo til óþekktur meðal nútímafólks? Eru einhverjar sérstakar ástæður fyrir því?

Reyndar voru þær til og hafa haft sín áhrif. Ein er sú að Einar Sveinsson naut sem embættismaður borgarinnar þeirra forréttinda að geta sjálfur fengið eftirsóknarverð verkefni og það hefur ugglaust kallað yfir hann öfund og slæmt umtal. Í annan stað má geta þess að á 6. áratugnum, eftir 20 ár í embætti, var Einar kominn með merkverð frávik í stíl frá fúnksjónalismanum, sem hann hafði aðhyllst á fyrstu árum sínum. Hann var þá kominn á skjön við þann módernisma og frystikistustíl í anda Mies van der Rohe, sem ungir vinstrisinnaðir listamenn sáu fyrir sér í sæluríki marxismans. Þröngsýni og ofstæki réðu ferðinni. Einar var úthrópaður sem borgaralegur og úrkynjaður arkitekt. Gagnrýnendur hans komu alls ekki auga á, hvað Einar var búinn að gera góða hluti. Fúnksjónalisminn hafði leitt af sér hinn sálarlausa módernisma sem setti ömurlegt svipmót á borgir og náði hámarki um 1960. Það er engu líkara en Einar Sveinsson hafi séð það fyrir, en engar hlaut hann þakkirnar nema síður væri.

Þýzk viðhorf koma til sögu

Gagnstætt því að fara til Kaupmannahafnar, svo sem verið hafði hin hefðbundna menntaleið Íslendinga, fór Einar fyrstur íslenzkra arkitekta til náms í Þýzkalandi og tók lokapróf frá tæknihäskólanum í Darmstadt síðla árs 1932. Þar kynntist Einar fúnksjónalismanum, sem rakinn er til skóla og kenninga Grophiusar og rekinn var í Weimar unz nasistar lokuðu honum. Ásamt

EINAR Sveinsson.

með Gunnlaugi Halldórssyni, arkitekt, varð Einar helzti boðberi þessarar nýju stefnu á Íslandi. Einkenni stefnunnar fór að gæta hér á landi um líkt leyti og Einar hóf störf. Hann skilgreini hana svo í blaðagrein 1943:

> *Hér er ekki um neina stað- eða tímabundna stefnu að ræða, heldur stefnu sem hefur tekið vísindin í þjónustu sína og tekur allar aðstæður til greina. Viðleitni hennar er að leysa verkefnin á rökréttan hátt, í fullu samræmi við tilgang og notagildi þess mannvirkis, sem um er að ræða og láta byggingartæknina og efnið birtast í hinu ytra sem innra formi, á látlausan en þó listrænan hátt.“*

Fyrsta húsið sem Einar teiknaði í Reykjavík að loknu námi; einbýlishús Sigurðar Jóhannssonar að Freyjugötu 43, er kórrétt eftir formúlu fúnksjónalismans, þar sem teningurinn er einskonar viðmiðun. Þarmeð varð þakið að vera flatt, en Einar var svo langt á undan þeim sem löngu síðar teiknuðu hús, að hann sá að flöt þök hentuðu ekki á Íslandi. Auk þess voru ekki komin til sögu þau byggingarefni, sem gert hafa flöt þök möguleg. Fljótt á litið sýnist þetta fyrsta hús Einars þó vera með flötu þaki. En svo er ekki. Það er með einskonar öfugu valmaþaki, hæst við útveggina, en vatnshalli hafður inn að miðju og niðurfall þar. En einnig sú lausn hefur ekki reynst vel á íslandi og Einar sá það fljótt. Hann leysti málið með valmaþakinu, sem ásamt horngluggum einkenndi mörg íslenzk íbúðarhús fram til 1940. Seint á stríðsárunum var var enn verið að byggja þannig hús og þau hafa staðizt tímans tönn vel. Þjóðleg rómantík var ekki að skapi Einars. Hann féllst hvorki á skreytingar með tilbúnu stuðlabergi, né heldur burstabæi úr steini eða bárujárni.

Í ritgerð sinni um Einar Sveinsson og verk hans segir Pétur H. Ármannsson m.a. svo:

> *Menntun Einars skapaði honum sérstöðu meðal íslenskra arkitkta og til hennar má rekja margar þær áherslur sem einkennandi eru fyrir verk hans. Hann var fyrsti arkitektinn sem kom til starfa á Íslandi eftir að hafa lokið prófi í húsagerðarlist úr þýskum tæknihäskóla, en fram til þess höfðu norræn áhrif verið ríkjandi í íslenskri húsagerð. Hann er fyrsti Íslendingurinn sem hlaut háskólamenntun í fagurfræðilegri mótun borga í anda rótgróinnar, evrópskrar skipulagshefðar. Enda þótt Einar yrði einn helsti boðberi og hugmyndafræðingur funksjónalismans í íslenskri húsagerð var formræn hugsun hans alla tíð mótuð af lögmálum klassískrar byggingarlistar. Þó svo Bauhausstefnan hafi snemma fest rætur í Þýskalandi gætti áhrifa hennar lítt í námsskrá þýskra tæknihäskóla um 1930. Þannig voru flest skólaverkefni Einars í klassískum anda og mótuð af þýskri byggingarhefð. Í bygg-*



FREYJUGATA 43, íbúðarhús Sigurðar Jóhannssonar, var með því fyrsta sem Einar teiknaði. Hér er funkisstíllinn alls ráðandi, en þakið varð þó að laga að íslenzkum aðstæðum.